





Staðfest aðalskipulag, staðfest 17.05.2006 í mkv. 1:50.000



Breyting á aðalskipulagi, mkv. 1:50.000

Greinargerð með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016

Inngangur
Aðalskipulagssbreyting þessi er í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu á uppdrætti og greinargerð aðalskipulags Þingvallasveitar 2004-2016, þar sem núverandi 220kV háspennulína, Brennimelslína 1, er færð inn á aðalskipulagsuppdrátt. Í gildandi aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016, nú Bláskógabyggð, sem staðfestur var með birtingu auglýsingar nr. 460/2006 í B-deild Stjórnartíðinda, 2. júní 2006, misfórst að gera grein fyrir línunni og færa inná uppdrátt. Núverandi lína liggur um sveitarfélagið á um 1,8km löngum kafla.

Ennfremur felst breytingin í því að heimila endurnýjun á núverandi Brennimelslínu 1. Það verður gert með því að reisa nýja línu sem verður byggð fyrir 400kV spennu og síðan að fjarlægja núverandi 220kV línu í framhaldinu. Áætlað er að nýja línan risi u.þ.b. 30-40m austan við núverandi línu. Við breytinguna hækka möstur um 2-3m frá núv. hæð og heildarbreidd eykst um 6m. Land það er línan fer um er fjalllendi í um 300-380m h.y.s., það er norðan og vestan við býlið Fellsenda og að mestu heiðaland og sæmilega gróið.

Málsmeðferð:
Lýsing vegna tillögu á breytingu Aðalskipulagi Þingvallasveitar, Bláskógabyggð, 2004-2016, Brennimelslína 1 var samþykkt í sveitarstjórn 7. feb. 2013. Í kjölfarið var lýsingin send á eftirfarandi umsagnaraðila: Skipulagssstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjavörð Suðurlands, Reykjavíkurborg og Kjósarhrepp. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum. Í umsögn Kjósahrepps kemur m.a. fram að þeir telji að ágreiningur sé um sveitarfélagamörk. Sveitarfélagamörk á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti eru skv. grunni Landmælinga Íslands, IS50V.

Forsendur breytingarinnar
Núverandi Brennimelslína 1, 220kV var tekin í notkun árið 1977. Hún liggur frá tengivirki á Geithálsi við Reykjavík að tengivirki á Brennimel á Hvalfjarðarströnd. Mikið álag er á orkuflutningskerfinu á suðvesturhorni landsins, bæði á Grundartanga og á höfuðborgarsvæðinu og stefnir í að Brennimelslína geti ekki annað álagi við ákveðnar aðstæður. Lega línunnar er liður í öryggi á afhendingu rafmagns til suðvesturhorns landsins því falli að einhverju leyti rafmagn af Búrfellslínunum 1 og 2 er hægt að koma rafmagni til höfuðborgarsvæðisins um Sultartanga- og Brennimelslínu. Landsnet hf undirbýr því stækkun línunnar í 400kV og verður hún fyrst um sinn (eftir stækkun) rekin áfram sem 220kV lína en rekstur hennar með 400kV spennu, hafinn síðar.

Um er að ræða mannvirkjagerð sem er háð framkvæmdaleyfi skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt lýtur mannvirki þetta lögum nr. 106/2000 sem fjalla um mat á umhverfisáhrifum sbr. 1. viðauka laganna lið nr. 22. Jafnframt skal fjalla um breytinguna skv. lögum nr. 105/2006 sem fjalla um umhverfismat áætlana. Mannvirkjagerðin felst í lagningu á 400 kV háspennulínu, Brennimelslínu 1.

Fyrirliggjandi stefna
Svæðið sem breytingin tekur til er landbúnaðarsvæði með hverfisvernd H2 skv. greinargerð aðalskipulags. Hverfisverndin felst í takmörkun á mannvirkjagerð vegna sýnileika frá þjóðgarðssvæðinu á Þingvöllum. Núverandi Brennimelslína 1 sést í dag ekki frá umræddu svæði. Því er ekki talin hættá á að ný lína, um 30m austar og sem liggur neðar í landinu, geri það heldur, jafnvel þó möstur séu um 3m hærrí. Aðalskipulagsbreytingin telst því ekki brjóta í bága við hverfisverndarákvæði.

Í greinargerð aðalskipulags, kafli 3.10 bls. 57 um rafveitur, segir að huga þurfi að því að koma háspennulínunum næst þjóðgarðinum í jörðu. Brennimelslína 1, er þannig staðsett, að hún hefur ekki áhrif á ásynd að fjallahring þjóðgarðsins þar sem hún liggur í 10km fjarlægð frá þjóðgarðinum og vatninu og hefur auk þess Skálafell að baki sér þannig að útilokað er að hún beri við himin, séð frá Þingvöllum.

Greinargerð með aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016
Þó línan hafi verið reist árið 1977, láðist að setja hana inn á uppdrátt og í greinargerð með aðalskipulaginu, við vinnslu þess á sínum tíma (2003-2006). Skýringin getur verið sú hversu nálæg hún er sveitarfélagsmörkum og er í reynd innan þeirra á mjög stuttum kafla, eða einungis á 1,8km kafla, eins og fyrr segir. Síðan aðalskipulagið var samþykkt, hefur sultartangal' lína 3 verið reist og kemur það fram í texta.

Texti í greinargerð aðalskipulags, dags. sept. 2005, fyrir breytingu, bls.59:
Rafveita: Háspennulína (220kV), frá Sultartanga/ Hrauneyjarfossvirkjun að Brennimel í Hvalfirði, liggur þvert um norður hluta afréttar Þingvallasveitar, norðan Skjaldbreiðar. Beggja vegna línunnar er skilgreint mannvirkjabelti, samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Sultartangalínu 3 og er gert ráð fyrir að hún liggi í megindráttum 50-60m norðan núverandi línu. Huga þarf að því að koma raflognum næst þjóðgarðinum, á jaðarsvæðum hans, niður í jörðina, með það að markmiði að vernda ásynd svæðisins.

Skýringar

- Núverandi 220kV lína, víkjandi
- Endurbýggð 400kV lína
- Mörk þess svæðis sem breytingin nær til
- Sveitarfélagamörk skv. IS50V

Texti í greinargerð eftir breytingu, bls. 59:
Rafveita: Háspennulína (220kV), frá Sultartanga/ Hrauneyjarfossvirkjun að Brennimel í Hvalfirði, liggur þvert um norður hluta afréttar Þingvallasveitar, norðan Skjaldbreiðar. Samsíða henni liggur Sultartangalína 3 (400kV), frá Sultartanga / Hrauneyjarfossvirkjun. Beggja vegna línanna er skilgreint mannvirkjabelti, samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis. Huga þarf að því að koma raflognum næst þjóðgarðinum, sýnilegum lögnum innan og á jaðarsvæðum hans, niður í jörðina, með það að markmiði að vernda ásynd Þingvalla.

Háspennulína (220kV), frá tengivirki á Geithálsi við Reykjavík að tengivirki á Brennimel á Hvalfjarðarströnd liggur um suðvesturhorn sveitarfélagsins á um 1,8km kafla. Heimilt er að endurbýggja línuna samhliða þeirri núverandi og auka spennu hennar í 400kV. Eftir endurbýggingu Brennimelslínu 1 skal eldri lína fjarlægð. Ekki er þörf á nýjum línuvegi á þessum kafla, en heimilt er að endurbæta núverandi línuveg þar sem þess er talin þörf.



Mynd 1 - Séð til vesturs yfir Þingvallavatn að Fellsenda og Stóra-Sauðafelli.

Umhverfismat áætlana.
Verkræðistofan Efla hefur unnið umhverfismat áætlana fyrir breytinguna, í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105 /2006 og er hún auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

Niðurstaða matsins er sú að umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar séu óveruleg á alla umhverfisþætti sem skoðaðir voru, en það voru; landslag og sjónræn áhrif, náttúruverndarsvæði, jarðfræði og jarðmyndanir, gróður og fuglalíf, forminjar, vatnsvernd og neysluvatn. Mikilvægt er að jarðraski sé haldið í lágmarki við framkvæmdina sjálfa. Sjá nánar eftirfarandi umhverfisskýrslu Eflu:

Brennimelslína 1, Umhverfismat áætlana, Mars 2012
Umhverfismat áætlana vegna endurbýggingar Brennimelslínu 1 innan Bláskógabyggðar.

Hverfisvernd aðalskipulagsins kveður á um að vernda ásynd og landslagsvernd vegna Þingvallavatns og þjóðgarðsins á Þingvöllum. Ákvæðið tekur til hlíða og fjalla sem mynda umgjörð þessa náttúrufyrirbæra og felur í sér bann við mannvirkjagerð og jarðraski, þó með ýmsum undantekningum og skilyrðum og tekur jafnframt til fjarsvæðis vatnsverndar. Línustæðið er nánast það sama og núverandi línu, liggur aðeins lægra í landi. Línan mun því ekki sjást frá Þingvallavatni né frá þjóðgarðinum.



Mynd 2 - Séð frá Stíflisdalsvatni suður að Fellsenda, með Litla-Sauðafell og Stóra-Sauðafell hvort til sinnar handar. Núverandi Brennimelslína 1 liggur þar á milli, en er ekki greinanleg frá þessu sjónarhorni.

Kortagrunnur:
Aðalskipulagsbreyting þessi er unnin á grundvelli aðalskipulagsuppdráttar sem unnið var af starfshópnum MILLI FJALLS OG FJÖRU - Haraldur Sigurðsson, Oddur Hermansson og Pétur H. Jónsson. Upphaflegur grunnur var unnin af Verkræðistofu Suðurlands á grundvelli skannaðra korta frá Landmælingum Íslands. Upplýsingar um legu Brennimelslínu eru fengnar frá Landsneti h.f. og verkræðistofunni Eflu. Sveitarfélagamörk eru úr grunni Landmælinga IS50V.




BLÁSKÓGABYGGÐ BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÞINGVALLASVEITAR 2004-2016 BRENNIMELSLÍNA 1

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagssstofnun þann

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann



Skýringamynd: Núverandi 220kV mastur Brennimelslínu 1 (t.v.) fyrirhugað 400kV mastur (t.h.)

Breyt. 23. sept. 2013: Orðalagsbreytingar

HEITI VERKS:

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
ÞINGVALLASVEITAR 2004-2016

HEITI TEIKNINGAR:

BLÁSKÓGABYGGÐ
BRENNIMELSLÍNA 1

VERKNR:	MKV:	TEIKNING NR:
211-026	1:50.000 í A2	
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEIKN:
sg	oh	16. sept. 2013
YFIRL. / UNDIRSKRIFT:	TEIKN. BREYTT:	
	23. sept. 2013	



LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
AUSTURVEGI 6 800 SELFÖSS sími: 482 4090 faxnr: 482 3542
netfang: landform@landform.is veffang: www.landform.is